

2 | VIÐSKIPTI

Eigum ekki annarra kosta völ en að koma á skilvirkum flutningaklasa

● **Prófessor við MIT bendir á mikilvægi flutninga svo sjávarútvegurinn geti flutt aflann hingað og þangað um heiminn, fljótt og örugglega**

Helgi Vífill Júlíusson
helgivi@mbli.is

„Þú eigist ekki annarra kosta völ en að búa til skilvirkan flutningaklasa,“ segir Yossi Sheffi, prófessor við MIT og forstöðumaður MIT Center for Transportation and Logistics. Hann nefnir til að mynda mikilvægi þess, fyrir okkur, að koma fiski á erlenda markað fljótt og örugglega.

Sheffi var staddur hér á landi til að hitta flutninga- og hafnahóp Íslenska sjávarklasans. Innan klasans eru sjávarútvegsfyrirtæki og þau sem

þjónusta útvegin með einum eða öðrum hætti, t.d. flytja aflann eða þróa tækni til að bæta rekstur þeirra. Sheffi er höfundur bókarinnar Logistics Clusters.



Dr. Yossi Sheffi

Morgunblaðið spurði hvort örþjóð tækist, með einungis tvö stór skipafyrirtæki, að skapa skilvirkan flutningaklasa. „Já, tækifærin hér á landi eru svo mikil. Það er mikill munur á því að vera stór og skilvirkur. Það er hægt að ná skilvirkinu án þess að vera stór,“ segir Sheffi og nefnir að þeim árangri megi ná með því að nýta nýjustu tækni og hafa góðan mannskap. Flutningastarfsemi smíst mikild um að vera í góðum samskiptum við alla þá sem þurfi á flutningi að halda, þannig megi finna flesti á samstarfi, en oft sé einblint um of á rekstrarhlöðna. Þetta smíst því í raun ekki einvörðungu um þessi tvö fyrirtæki, Eimskip og Samskip sem séu í flutningastarfsemi, heldur einnig fyrirtækin



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Samstarf Mikilvægt er að vera í góðum samskiptum við alla þá sem á þeim þurfa að halda,„

sem þurfi á þjónustu þeirra og annarra flutningafyrirtækja að halda. Þannig sé klasahugsunin.

Frægðin í Hollywood

Meðal þekktra klasa er kvikmyndaiðnaðurinn í Hollywood, þar er allt til alls til kvikmyndagerðar; fólk með sérþekkingu og tæki og tól. Lykillinn að klasastarfi er að þar er allt sem til þarf, næg aðföng og mannafl með þá þekkingu sem þarf til að reka fyrirtækin.

Michael Porter, prófessor við Harvard sem flutt hefur fyrirlestra hér á landi, gerði viðamikla rannsókn á þekkingarklössum, eins og t.d. Silicon Valley. Niðurstaðan var að framleiðni fyrirtækja í klasa væri meiri, fleiri nýjungar sprytnu fram og fleiri fyrirtæki væru stofnuð. „Það er nefnilega auðvelt að stofna fyrirtæki þegar nóg er af fyrirtækjum í kring

ZARA OG CALADERO EIGA Í GÓÐU SAMSTARFI MEÐ FLUTNINGA

Tíska og útgerð í eina sæng

Yossi Sheffi, prófessor við MIT, segir að spænska sjávarútvegsfyrirtæki Caladero og tiskuhúsið Zara eigi í góðu samstarfi í flutningum. Dreifimistöðvar þeirra séu hlið við á Spáni. Caladero flytji fisk frá Jóhannesborg í Suður-Afríku til Spánar til dreifimistöðvarinnar. Í sömu vél séu einnig vefnaðarvörur fyrir Zóru, sem passi vel saman, þar sem þær séu léttar en fiskurinn þungur. Sama vél, á leið til Jóhannesborg, flytur fót frá Zóru til dreifingar þar. Klasar kalli á samstarf sem þetta.

Það liggja í augum uppi að það væri dýrt fyrir flutningafyrirtæki að fljúga með nær tóma véli í aðra áttina, en fulla í hina. Annað dæmi sem Sheffi tók var af teimur bandarískum fyrirtækjum sem voru nálægt hvort öðru og seldu til apótekaeðju langt í burtu. Þau fóru í samstarf um flutninginn og náðu með því að spara.

sem geta þjónustað það nýja,“ segir Sheffi.

Kosturinn við klasa sé að eftir því sem þeir stækki, því skilvirkari verði þeir, sem aftur kalli á enn frekari stækkun. Sheffi tók dæmi: Ef flutningaklasinn stækkar, lækkar flutningakostnaður vegna aukinnar stærðarhagkvæmni, sem aftur kalli á enn meiri flutninga. Raunar sé mikil stærðarhagkvæmni fölginn í flutningum. Hvert kíló í flutningum kostar minna eftir því sem meira er flutt.

Hann kastar fram spurningunni, hvort fyrirtækin þurfi yfirhöfuð að hópast á sama blett, hvort það sé ekki nóg að fyrirtækin eigi í samskiptum í gegnum netið. Svárið við henni er að erfitt sé að mýlla þekkingu milli menningarheima. „Það er mun auðveldara þegar fólk er nær hváð öðru og börn þess spila jafnvel fótbolta saman. Þegar fólk þekkir hvað annað myndast traust sem margir vanmeta,“ segir Sheffi. Auk þess, þegar klössum vaxi fiskur um hrygg, geti þeir örðvíð flugir við að gæta hagsmuna atvinnuvegarinnar og í kjölfarið batni regluverkið sem hann starfi í.

Sheffi veltir fyrir sér hvers vegna það sé þá ekki betra fyrir fyrirtækin í klasanum að vera eitt, rísa-stórt fyrirtæki. Mögulega sé svárið að klasar séu besta mögulega stærðin. Stór fyrirtæki eru yfirleitt teki til ákvarðanatöku og lengur að taka nýjungar upp á sína arma – en hafa úr miklu úr að móa, hvort sem það er mannskapur, tæki eða fjármunir. Minni fyrirtæki eru sneggrí til en þau skortir auðlindirnar. „Fyrirtæki í klasa geta því með samstarfi hagad sérs eins og þau séu stór, án þess að þurfa að glíma við ókostina sem stærðinni fylgja,“ segir hann.

Lundbeck sektað um 15 milljarða

● **Ólöglegt samráð við samheitalyfjafyrirtæki**

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sektað danska lyfjafyrirtækið Lundbeck um 93,8 milljónir evra, 15 milljarða íslenskra króna. Er þetta hæsta sekt sem ESB hefur lagt á fyrirtæki fyrir brot á samkeppnislögum.

Ástæðan fyrir sektinni er ólöglegt samráð sem Lundbeck átti við framleiðendur samheitalyfa um að þeir kæmu síðar inn á markaðinn með samheitalyf fyrir þunglyndislyfið citalopram. Samkomulagið var gert árið 2002.

Joaquín Almunia, sem fer með samkeppnismál hjá framkvæmdastjórn ESB, segir að það sé óásættanlegt að fyrirtæki greiði keppinautnum sínum fyrir að halda sig frá markaði og fresta markaðsetningu óðrari lyfa.

Samheitalyfjafyrirtækin sem um



Mikil fjármunir Hæsta sekt sem ESB hefur lagt á fyrirtæki.

ræðir eru: Alpharma (sem nú er hluti af Zoetis), Merck KGaA/Generics UK (samheitalyfjahlutinn í Bretlandi er nú hluti af lyfjafyrirtækinu Mylan), Arrow (sem er nú hluti af Actavis) og Ranbaxy.

Á þessum tíma var citalopram það lyf Lundbecks sem seldist best.

Hlaut tvönn verðlaun á Cannes-auglýsingahátíð

Inspired by Iceland hlaut tvönn verðlaun á Cannes Lion-auglýsingahátíðinni er þau voru veitt í 60. skipti í Frakklandi á sunnudag. Herferðin fékk tvönn bronsverðlaun fyrir notkun almennatengsla í vetrarátaki Inspired by Iceland þar sem ferðamenn voru beðnir um að svinga upp á lýsandi nafni fyrir Ísland í samræmi við upplifun sína af landinu.

„Inspired by Iceland hlaut verðlaun í flokknum ferðapjónusta og afþreying annars vegar, og alþjóðleg almennatengslaferð hins vegar. Cannes Lions-verðlaunin eru ein þau stærstu sem veitt eru í auglýsingaheiminum og hafa verið frá því til þeirra var stofnað árið 1954. Alls voru 34.300 tillögur sendar inn til dómnefndar,“ samkvæmt fréttatilkynningu. Nánar á mbl.is



Commerzbank Bankinn áformar nú að segja upp 5 þúsund af 41 þúsund starfsmönnum sínum, til að vinna upp tapið á árunum 2008 og 2009.

Undirbýr stórfelldar uppsagnir

● **Þýski bankinn Commerzbank á í vök að verjast**
● **Tapaði gífurlegum fjármunum 2008 og 2009**

Commerzbank, annar stærsti banki Þýskalands, áformar að segja upp 5 þúsund starfsmönnum. Þetta var upplýst í fyrradag samkvæmt fréttavefnum Thelocal.de en markmiðið með uppsögnunum er að bæta stöðu bankans í kjölfar mikils taps hans á árunum 2008-2009.

Fram kemur í frétt Thelocal.de, þar sem vitnað er í viðskiptadagblaði Handelsblatt, að umræður innan bankans um stórfelldar uppsagnir hafi verið viðvarandi, allt frá

því í febrúar í vetur.

Fram kemur í fréttinni að bankinn hafi lagt til hlíðar 500 milljónir evra á fyrsta ársfjórðungi, til þess að standa straum af kostnaði við uppsagnirnar.

Commerzbank tapaði 94 milljónum evra á fyrsta fjórðungi þessa árs, sem var mun minna tap en greinendur höfðu spáð.

Samtals starfa hjá Commerzbank 41 þúsund manns auk 13 þúsund starfsmanna datturfélag hans.

Spáir 0,3% verðbólgu í júní

Greiningardeild Arion banka spáir því að verðlag hækki um 0,3% í júní frá fyrri mánuði. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan mælast 3,1% samanborið við 3,3% í maí. Hækkun eldsneytis- og húsnæðisliðar eru megináhrifaþættir í spánni.

Hún gerir ráð fyrir því að ársverðbólgan hækki á ný á næstu mánuðum og verði 3,8% í september og bráðabirgðaspá gengur eftir.

„Krónan er nú ríflega 5% sterkari en í upphafi árs og áhrifin vegna þessa höfum við séð í síðustu verðmælingum Hagstofunnar en við áætluum að gengisáhrifin hafi verið um 0,5-0,6% til lækkunar verðlags í mars, apríl og maí,“ segir greiningardeild Arion banka. helgivi@mbli.is



Skannaðu kóðann til að sjá gengið eins og það er núna á

mbl.is

Gengisskráning	19. júní 2013		
	Kaup	Sala	Míó
DOLLARI	119,54	120,12	119,83
STERLINGSPUND	186,81	187,71	187,26
KANADADOLLARI	117,02	117,7	117,36
DÖNSK KRÓNNA	21,446	21,572	21,509
NORSK KRÓNNA	20,827	20,949	20,888
SÆNSK KRÓNNA	18,634	18,744	18,689
SVISSN. FRANKI	129,73	130,45	130,09
JAPANSKT JEN	1,256	1,2634	1,2597
SDR	182,44	183,52	182,98
EVRA	160	160,9	160,45
HEMILDINGU/VIÐSKIPTAVOÐ PRÓNG			216,1406

Meðmið: Seðlabanki Íslands